

Náttúruverndarstofnun

Dalvíkurbyggð
María Markúsdóttir
Ráðhúsi
620 Dalvík

Garðabær, 6. mars 2025
202502-0116/A.B.
08.01

Efni: Umsögn - Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 - Vatnstökusvæði og vatnslögn á Árskógssandi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Dalvíkurbyggðar er barst 19. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 vegna vatnstökusvæðis og vatnslagnar á Árskógssandi.

Í greinargerð kemur fram að fyrirhuguð er breyting á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 fyrir vatnsöflun úr Þorvaldsdalsá fyrir laxeldi á Árskógssandi eða í nágrenni. Breytingin felur í sér að skilgreint er vatnstökusvæði á áreyrum Þorvaldsdalsár um 1,5 km ofan við árósa ásamt rúmlega 1,3 km vatnslögn.

Umhverfismat - Lýsing

Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um umhverfisþætti, matsspurningar og umhverfisviðmið í lýsingu sem skoða á og meta í umhverfisskýrslu/mati tillaganna svo að stofnunin geti tekið afstöðu til þessara þátta.

Náttúruverndarstofnun bendir á ákvæði 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála sem kveður m.a. á um að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í [vatnaáætlun](#). Umhverfis- og orkustofnun hefur unnið [leiðbeiningar](#) um gerð áhrifamats áætlana á vatnshlot svæðisins.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Ingibjörg M. Bjarnadóttir
sérfræðingur